

## **1. Fundur Velferðarnefnd Stranda- og Reykhóla**

Fyrsti fundur Velferðarnefndar Stranda- og Reykhóla var haldinn í Félagsmála- og jafnréttisnefnd Strandabyggðar mánudaginn 28. febrúar 2011 kl. 15:00 á skrifstofu Strandabyggðar, Höfðagötu 3 í Hólmavík.

Mættir eru Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir (Strandabyggð), Bryndís Sveinsdóttir varamaður í forföllum Rósmundar Númasonar (Strandabyggð), Andrea Björnsdóttir (Reykhólum), Hrefna Þorvaldsdóttir (Árneshreppi, í síma), Jenný Jensdóttir (Kaldrananesi) tilkynnti ekki forföll.

Fundargerð ritaði: Hildur Jakobína Gísladóttir, félagsmálastjóri.

### **Dagskrá fundar:**

#### **1. Trúnaðarmál.**

Niðurstaða skv. bókun í málinu var færð í trúnaðarbók.

#### **2. Trúnaðarmál**

Niðurstaða skv. bókun í málinu færð í trúnaðarbók.

### **Önnur mál.**

Erindisbréf nefndarinnar.

Kosning formanns, varaformanns og ritara. Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir var ráðin formaður nefndarinnar og Andrea Björnsdóttir ráðin varaformaður. Frestun á kosningu ritara þar sem tvo nefndarmenn vantaði.

Rætt um framkvæmd sameiginlegra reglna vegna fjárhagsaðstoðar og annarra þátta er varða reglur þeirra þátta sem heyra undir Félagsþjónustu. Félagsmálastjóri mun leggja fram tillögur að reglum fyrir fund Velferðarnefndar þegar þær liggja fyrir.

Rætt um meðferð trúnaðargagna. Félagsmálastjóri mun senda gögn fyrir nefndina í ábyrgarpósti fyrir hvern fund og nefndarmenn munu koma með gögnin á fundinn og skilja þau þar eftir þar sem þeim verður eytt.

Rætt um upplýsingaskyldu gagnvart þeim sem fjallað er um á fundum en viðkomandi eiga rétt á að fá gögnin til yfirlestrar ásamt því að sitja fundi þegar mál þeirra eru tekin fyrir.

Ekki voru tekin fyrir fleiri mál. Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:05.

Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir (sign)

Bryndís Sveinsdóttir (sign)

Andrea Björnsdóttir (sign)

Hrefna Þorvaldsdóttir (sign)

Hildur Jakobína Gísladóttir (sign)